

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar  
1. mars til 31. maí 2018

Hagar hf.  
Hagasmára 1  
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjáryfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Hagar hf. er verslunaryrirtæki með starfsemi á Íslandi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 728 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 30.312 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 18.685 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 61,6%.

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.172 millj. kr. en félagið á eigin hluti að nafnverði 69 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 843 í byrjun tímabilsins og 764 í lok þess.

Þann 26. apríl 2017 tilkynntu Hagar um undirritun kaupsamnings um kaup á öllu hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. og fasteignafélaginu DGV ehf. Kaupsamningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki hluthafafundar fyrir aukningu hlutafjár og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Hluthafafundur samþykkti aukningu hlutafjár á aðalfundi Haga þann 7. júní 2017 og 6. júní 2018. Fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar var aflétt þann 13. júlí 2017.

Niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins var að vænta 8. mars sl. en sáttaviðræður félagsins við eftirlitið höfðu ekki skilað endanlegri niðurstöðu fyrir þann tíma. Sökum þess ákvað stjórn Haga að afturkalla samrunatilkynninguna vegna málsins. Ný samrunatilkynning var send eftirlitinu 27. mars sl. Þann 29. apríl sl. barst Högum frummat um hina nýju samrunatilkynningu en þar kemur fram að Hagar hafi ekki sýnt fram á að framboðin skilyrði nægi til að leysa úr öllum þeim samkeppnislegu vandamálum sem annars leiði af samrunanum. Þykir Samkeppniseftirlitinu því ekki unnt að fallast á framkomna tillögu félagsins að sátt vegna málsins.

Hagar vinna nú að því að koma athugasemdum við frummatið á framfæri og eftir atvikum veita Samkeppniseftirlitinu frekari upplýsingar með það að markmiði að ná sátt um samrunann. Málinu getur því enn lokið með setningu skilyrða fyrir samrunanum eða ógildingun hans.

Kaupsamningurinn er sem fyrr segir háður fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, gagnvart öllum framboðnum skilyrðum, og því verður ekki gengið frá viðskiptunum fyrr en afstaða Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir.

Þann 6. júní 2018 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 1,024 krónu á hlut eða um 1.200 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 27. júní sl.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2018 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.

---

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg  
yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem  
samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí  
2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 28. júní 2018

Stjórn:

Kristín Friðgeirsdóttir  
Erna Gísladóttir  
Davíð Harðarson  
Sigurður Arnar Sigurðsson  
Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. mars 2018 til 31. maí 2018

	Skýr.	2018 1.3.-31.5.	2017 1.3.-31.5.
Vörusala .....		18.592	19.048
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 14.000)	( 14.312)
<b>Framlegð</b> .....		4.592	4.736
Aðrar rekstrartekjur .....		56	54
Laun og launatengd gjöld .....		( 2.054)	( 2.043)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 1.401)	( 1.470)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....		1.193	1.277
Afskriftir .....	7	( 249)	( 225)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		944	1.052
Fjármunatekjur .....		14	54
Fjármagnsgjöld .....		( 48)	( 64)
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b> .....	8	( 34)	( 10)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		0	20
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		910	1.062
Tekjuskattur .....		( 182)	( 212)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b> .....		728	850
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		0,66	0,74

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. maí 2018

	Skýr.	31.5.2018	28.2.2018
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		10.755	10.733
Fjárfestingarfasteignir .....		1.522	1.530
Óefnislegar eignir .....		8.046	8.101
Fastafjármunir samtals		<u>20.323</u>	<u>20.364</u>
Vörubirgðir .....	9	4.845	4.574
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		953	678
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur .....		3.818	3.546
Handbært fé .....		373	222
Veltufjármunir samtals		<u>9.989</u>	<u>9.020</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>30.312</u></u>	<u><u>29.384</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.103	1.103
Lögbundinn varasjóður .....		275	239
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		4.442	3.664
Óráðstafað eigið fé .....		12.865	12.951
Eigið fé samtals		<u>18.685</u>	<u>17.957</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	10	2.025	2.217
Tekjuskattsskuldbinding .....		718	718
Langtímaskuldir samtals		<u>2.743</u>	<u>2.935</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	10	772	771
Tekjuskattur til greiðslu .....		250	379
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	11	7.461	6.897
Skuldbindingar .....		401	445
Skammtímaskuldir samtals		<u>8.884</u>	<u>8.492</u>
Skuldir samtals		<u>11.627</u>	<u>11.427</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>30.312</u></u>	<u><u>29.384</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit

## 1. mars 2018 til 31. maí 2018

---

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2017</b>						
Eigið fé 1. mars 2017 .....	1.153	291	0	3.893	12.075	17.412
Heildarhagnaður tímabilsins .....					850	850
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning .....				863	( 863 )	0
Eigið fé 31. maí 2017 .....	1.153	291	0	4.756	12.062	18.262
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2018</b>						
Eigið fé 1. mars 2018 .....	1.103	0	239	3.664	12.951	17.957
Heildarhagnaður tímabilsins .....					728	728
Tillag í lögbundinn varasjóð .....			36		( 36 )	0
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning .....				778	( 778 )	0
Eigið fé 31. maí 2018 .....	1.103	0	275	4.442	12.865	18.685

Þann 6. júní 2018 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 1,024 krónu á hlut eða um 1.200 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 27. júní sl. Áhrif arðgreiðslunnar koma ekki fram í þessum árshlutareikningi þar sem arðgreiðslan var samþykkt eftir lok reikningsskiladags.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisýfirlit

## 1. mars 2018 til 31. maí 2018

	Skýr.	2018	2017	
		1.3.-31.5.	1.3.- 31.5.	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hagnaður tímabilsins .....		728	850	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	(	1)	(	1)
Afskriftir .....	7	249	225	
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	34	10	
Áhrif hlutdeildarféлага .....		0	(	20)
Tekjuskattur .....		182	212	
Veltufé frá rekstri		1.192	1.276	
Breytingar á rekstartengdum eignum .....	(	818)	(	57)
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		442	132	
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		816	1.351	
Innheimtar vaxtatekjur .....		12	41	
Greidd vaxtagjöld .....	(	45)	(	60)
Greiddur tekjuskattur .....	(	233)	(	242)
Handbært fé frá rekstri		550	1.090	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Fjárfesting í fasteignum .....	(	121)	(	74)
Fjárfesting í áhöldum og innrétingum .....	(	145)	(	219)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		49	(	86)
Söluverð áhaldna og innrétinga .....		10	4	
Söluverð eignarhluta .....		0	9	
Framlag frá hlutdeildarfélagi .....		0	20	
Fjárfestingarhreyfingar	(	207)	(	346)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Afborganir vaxtaberandi skulda .....	(	192)	(	191)
Fjármögnunarhreyfingar	(	192)	(	191)
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		151	553	
<b>Handbært fé í upphafi tímabils</b> .....		222	2.474	
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		373	3.027	

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.



# Skýringar

---

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar sem rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2018.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 28. júní 2018.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2018. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins [www.hagar.is](http://www.hagar.is).

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru allar fjárhæðir birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits.

## 6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisýrningu viðskiptavildar þann 31. maí 2018 og vegna þess var virðisýrningunarfótt ekki framkvæmt.

## Skýringar, frh.:

### 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	<b>2018</b>	<b>2017</b>
	<b>1.3-31.5.</b>	<b>1.3- 31.5.</b>
Afskrift rekstrarfjármuna .....	236	211
Afskrift fjárfestingarfasteigna .....	8	8
Afskrift óefnislegra eigna .....	5	6
Afskriftir samtals .....	<u>249</u>	<u>225</u>

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	12	42
Gengishagnaður .....	2	12
Fjármunatekjur samtals .....	<u>14</u>	<u>54</u>
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 48)	( 64)
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 48)</u>	<u>( 64)</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 34)	( 10)

### 9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

	<b>31.5.2018</b>	<b>28.2.2018</b>
Matvara .....	3.747	3.583
Sérvara .....	708	709
Vörur í flutningi .....	390	282
Vörubirgðir samtals .....	<u>4.845</u>	<u>4.574</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils .....	50	70

### 10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	31.5.2018	28.2.2018	31.5.2018	28.2.2018
Skuldir í ISK, óverðtryggðar .....	5,45%	5,45%	2.687	2.872
Skuldir í ISK, verðtryggðar .....	10,50%	10,50%	110	116
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			2.797	2.988
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....			( 772 )	( 771 )
Langtímaskuldir samtals .....			<u>2.025</u>	<u>2.217</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2018/19 .....	772	771
Afborganir 2019/20 .....	1.985	2.168
Afborganir 2020/21 .....	40	49
Samtals .....	<u>2.797</u>	<u>2.988</u>

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

## Skýringar, frh.:

---

### 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	<b>31.5.2018</b>	<b>28.2.2018</b>
Viðskiptaskuldir .....	5.563	5.232
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.898	1.665
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>7.461</u>	<u>6.897</u>

### 12. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok tímabilsins voru fjögur. Dótturfélögin í samstæðuárshlutareikningnum eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		31.5.2018	28.2.2018
Hagar verslanir ehf. ....	Ísland	100%	100%
Bananar ehf. ....	Ísland	100%	100%
Ferskar kjötvörur ehf. ....	Ísland	100%	100%
Noron ehf. ....	Ísland	100%	100%

Hlutir móðurfélagsins í ofangreindum dótturfélögum eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

### 13. Kennitölur

*Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:*

<b>Efnahagsreikningur:</b>	<b>31.5.2018</b>	<b>28.2.2018</b>
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	1,12	1,06
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildareignir .....	61,6%	61,1%
Innra virði hlutafjár .....	16,94	16,28